

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. október 2018

Efni: Drög að frumvarpi til laga um endurskoðendur og endurskoðun

Samtök atvinnulífsins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu („samtökin“) vísa til draga að frumvarpi til laga um endurskoðendur og endurskoðun sem birt var í samráðsgátt Stjórnarráðsins hinn 25. september sl.

Fram kemur í greinargerð að frumvarpið feli í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/56/ESB frá 16. apríl 2014 um breytingu á tilskipun 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014/ESB um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum. Hins vegar er hvergi í greinargerð að finna heildarumfjöllun um hvaða efnisreglur þessar gerðir feli í sér. Auk þess er ekki að finna yfirlit yfir hvort gerðirnar feli í sér einhverjar undanþágur og þá hvort þær hafi verið nýttar. Samtökin vilja minna á mikilvægi þess að ávallt fylgi með heildstæð og skýr umfjöllun um þær efnisreglur sem ætlunin er að innleiða sem og yfirlit yfir mögulegar undanþágur. Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar á starfsumhverfi endurskoðenda og vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum er varða efnisreglur frumvarpsins.

1. Skjölun

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna reglu um skjölun. Þar kemur fram í 6. mgr. ákvæðisins að þegar um er að ræða ráðgjöf eða aðra þjónustu fyrir hina endurskoðuðu einingu skuli endurskoðandi skjala eðli verkefnisins, umfang og hugsanlegar ráðleggingar. Slík þjónusta skal þá einnig sérgreind á reikningi með upplýsingum um eðli verkefnisins. Samtökin vilja benda á að hér er um auka kröfur að ræða sem varða ekki vinnutengda endurskoðun í sjálfri sér. Telja samtökin heppilegra að íþyngjandi krafa sem þessi verði einungis látin ná til endurskoðunar á einingum tengdum almannahagsmunum.

2. Eftirlitsgjald endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja

Samtökin gera þá athugasemdir við 40. gr. frumvarpsins sem varðar eftirlitsgjald endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja. Samkvæmt ákvæðinu á að hækka gjaldið úr 80.000 í 100.000 krónur. Þá var gjaldið hækkað árið 2017 úr 50.000 í 80.000 sbr. lög um breytingu á lögum um endurskoðendur, nr. 79/2008, með síðari breytingum (eftirlitsgjald). Því er ekki að sjá hvers vegna þurfi að hækka gjaldið á ný um 20.000 krónur. Þá er hækkunin örökstudd og úr hófi.

Þá benda samtökin einnig á að til viðbótar er lagt til að árlega skuli hver áritunarendurskoðandi greiða gæðaeftirlitsgjald að fjárhæð 100.000 krónur í stað þess að slíkt gjald sé innheimt á sex ára eða þriggja ára fresti. Samtökin átelja í því samhengi að hvergi er þó að finna hver heildarfjárhæð gjaldsins er þegar það er innheimt og því erfitt að meta það hvort 100.000 krónur teljist hæfilegt miðað við gjaldið eins og það er innheimt að fullu samkvæmt núgildandi löggjöf.

Í ljósi þessa telja samtökin því að endurskoða beri þessa breytingu og að gætt sé meðalhófs í töku slíkra gjalda.

3. Viðurlög

Í X kafla frumvarpsins er að finna ákvæði er lúta að viðurlögum og er þar að finna nýjar heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir sem og ný ákvæði um sektir og fangelsi. Hvað slíkt varðar, sem og almennt um lögfestingu íþyngjandi ákvæða, telja samtökin að gæta verði ávallt fyllsta hófs í setningu slíkra ákvæða sem og að skýrleika.

Í því samhengi og að gefnu tilefni benda samtökin t.d. á að í 48. gr. frumvarpsins segi að ef endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækni brjóti gegn lögnum eða vanræki skyldur sínar að öðru leyti að mati Fjármálaeftirlitsins skuli það fella réttindi viðkomandi endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis niður. Samtökin telja hentugra að hér væri einungis sett inn heimild Fjármálaeftirlitsins til að fella slík réttindi niður. Þar sem um mjög íþyngjandi úrræði er að ræða telja samtökin einnig að bæta þurfi inn í ákvæðið skilyrðinu um að brotið hafi verið gegn lögnum af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi.

Í 51. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um sektir og fangelsi allt að tveimur árum. Að mati samtakanna þarf hér að koma skýrt fram að slíkum viðurlögum verði ekki beitt nema þegar um mjög alvarleg brot er að ræða. Telja samtökin að endurskoða ætti nokkur atriði sem þar eru talin upp sem eru huglægs eðlis sem að mati samtakanna felur í sér hættu á eftirgjöf á kröfum sem gera verður hvað varðar ströng skilyrði fyrir beitingu refsikenndra viðurlaga. Ef til vill væri hentugra að færa þau yfir í ákvæðið er varðar stjórnvaldssektir, sbr. 50. gr. Vísa samtökin hér til 6. tl. sem vísar til brota gegn 22. gr. frumvarpsins um skyldu endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja til að vera óháð viðskiptavinum sínum við vinnu endurskoðunarverkefna, bæði í reynd og ásýnd, sem og 8. tl. sem vísar til 31. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu.

4. Gildistaka

Loks gera samtökin athugasemdir hvað varðar gildistöku laganna, sbr. 55. gr. frumvarpsins, þar sem segir að lögin taki gildi 1. janúar 2020. Að mati samtakanna er um að ræða mörg nýmæli. Þ.m.t. íþyngjandi breytingar á starfsemi fyrirtækjanna, og því telja samtökin hentugra að gefnir verði rýmri tímafrestir til aðlögunar. Þessu til stuðnings benda samtökin á að í 41. gr. áðurnefndrar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014/ESB um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum er að finna umbreytingarákvæði en reglugerðin tók gildi hinn 17. júní 2016. Hún mun hins vegar líklega taka gildi innan EES þann 1. janúar næstkomandi. Er því ljóst að reglugerð sú veitir ákveðið svigrúm til aðlögunar sem er lengra en það sem gengið er út frá í fyrirliggjandi frumvarpi, og þ.a.l. er verið að veita hérlandum fyrirtækjum skemmri frest til að bregðast við breyttu regluverki en hjá öðrum ríkjum innan EES svæðisins. Gera samtökin þá kröfu að tekið verði tillit til þessa þegar ákveðnir eru tímafrestir í íslensku lögnum.



Unnur Elfa Hallsteinsdóttir, f.h. Samtaka atvinnulífsins



Lárus M.K. Ólafsson, f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu